

Mál nr. 267/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging.

Skaðabótaábyrgð. Meðábyrgð.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. ágúst 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 2. september 2025.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 9. desember 2025.

Málsatvik.

Í fyrirleggjandi lögregluskýrslu, dags. 15. mars 2023, kemur fram að hinn 17. október 2022 hafi M slasast á hjólastíg við Kringlumýrarbraut. Samkvæmt skýrslunni voru atvik með þeim hætti að M var á rafhlaupahjól og hugðist fara fram úr A sem ók eftir stígnum á rafmagnshjól. Kvaðst A hafa ætlað að fara af hjólastígnum yfir á hjólaslóða en á sama tíma hafi M ætlað að fara fram úr honum. Kveðst A ekki hafa séð til M fyrr en þau lentu saman á stígnum. Í málskoti sínu lýsir M slysinu með sama hætti þ.e. að hún hafi fært sig yfir á vinstri akrein er hún nálgast A með það í huga að aka fram úr honum. Þegar hún var komin samsíða afturdekki A beygði hann skyndilega til vinstri í veg fyrir hana með þeim afleiðingum að árekstur varð. Hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu V var bótaskylda viðurkennd en þó með skerðingu um 1/3 hluta vegna eigin sakar M. M getur ekki sætt sig við að þurfa að bera eigin sök vegna þessa slyss. Telur M að A hafi með háttsemi sinni brotið í veigamiklum atriðum gegn ákvæðum umferðarlaga nr. 77/2019, nánar tiltekið 2. mgr. 20. gr., b-lið 2. mgr. 23. gr., 2. mgr. 33. gr. og e-lið 3. mgr. 33. gr. Máli sínu til stuðnings vísar M til úrskurða nefndarinnar í málum nr. 320/2023 og 203/2018. Telur M ekkert í málinu benda til þess að hún eigi sök á atvikum umrætt sinn. M hafi virt allar reglur um framúrakstur og hefði ekki getað gert ráð fyrir að A myndi skyndilega beygja til vinstri, án viðvörunar.

Í athugasemdum V er vísað til 4., 23. og 33. gr. umferðarlaga því til stuðnings að M hafi ekki sýnt fullnægjandi aðgæslu eða tillitssemi þegar hún ákvað að aka rafhlaupahjólina fram úr hjóli A. Fyrir liggir að A hugðist hjóla af hjólastígnum yfir á hjólaslóða þegar slysið gerðist, en að mati V hefði M mátt sjá að umræddur slóði lá til vinstri frá hjólastíg, hefði hún sýnt nægjanlega aðgæslu við aksturinn. Þá hafi M ekki gefið hljóðmerki til þess að láta A vita af sér, eða að hún hafði í huga að aka hjólinu fram úr honum. Það sé því ljóst að mati V að háttsemi M hafi verið með þeim hætti að hún verði að teljast bera að hluta ábyrgð á slysinu með A.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að engin hætta hafi stafað af framúrakstri hennar og því engin nauðsyn til að gefa frá sér hljóðmerki eða ljósmerki til að afstýra eða vara við hættu. Á umræddum hjólastíg séu engar fráreinar.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort M eigi rétt á óskertum bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna áreksturs milli A og M á hjólastíg hinn 17. október 2022. Í 1. mgr. 42. gr. þágildandi umferðarlaga er að finna sérreglur fyrir reiðhjól, en bæði rafmagnshlaupahjól og rafmagnshjól eru í lögnum skilgreind sem reiðhjól. Þar segir að hjólreiðamaður skuli að jafnaði hjóla í akstursstefnu á hjólastíg eða hjólarein eða hægra megin á akrein þeirri sem lengst er til hægri á akbraut sem er ætluð almennri umferð. Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. ber hjólreiðamanni að sýna sérstaka aðgát við vegamót og þar sem akbraut og stígar skerast. Af gögnum málsins verður ráðið að slysið hafi orðið á þeim stað þar sem hjólastígur og hjólaslóði skerast. Þótt leggja megi til grundvallar að A hafi ekki gætt fullnægjandi varúðar við vinstri beygju af hjólastíg inn á hjólaslóða verður jafnframt að líta til þess að M ákvað að fara fram úr A á stað þar sem stígar skerast. Ekki verður séð að M hafi sýnt þá sérstöku aðgát sem lög gera kröfu um við slíkar aðstæður eða tryggt að framúrakstur hennar færi fram án hættu. Verður því að telja að M beri sjálf hluta sakar og þykir hæfilegt að sá hluti nemi 1/3.

Niðurstaða.

V er heimilt að skerða bætur til M um 1/3 hluta.

Reykjavík, 13. janúar 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir